

Nd. **156. Frumvarp til laga** [105. mál]
um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

1.—10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

Kaupsanninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.

2. gr.

Við löginn bætist ný grein, sem verður 12. gr., svohljóðandi:

Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi.

11. gr. laga nr. 19 1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er að stofni til úr lögum nr. 63 1919, en í framsögu fyrir frumvarpinu að þeim lögum kom m. a. fram, að sjálfsögð kurteisi þætti að undanskilja erlend ríki ákvæðum þessara laga að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi.

Með fjölgun erlendra sendiráða á Íslandi og auknum starfsmannafjölda þeirra þykir nú orðið tímabært að lögfesta sérstök ákvæði um að samþykkis íslenskra stjórnvalda skuli aflað, áður en fasteignum eða lóðum sé afsalað til erlendra ríkja vegna sendiráðsstarfsemi þeirra hér á landi.

Árið 1971 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningnum um stjórnmalasamband — Vínarsamningnum — frá 18. apríl 1961 og hafa ákvæði samningsins lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971. Í 11. gr. þessa samnings segir, að þegar ekki sé gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, geti móttökuríki krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

Í 22. gr. sama samnings segir, að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi og að sérstök skylda hvíli á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Ennfremur er í 30. gr. sama samnings ákvæði um, að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

Þegar framangreind ákvæði eru virt þykir ljóst, að bæði sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sett fasteignakaupum erlendra sendiráða vissar skorður með hliðsjón af 11. gr. Vínarsamningsins, svo og gera ákvæði 22. og 30. gr. Vínarsamningsins stjórnvöldum nauðsynlegt að geta haft hönd í bagga með staðarvali fyrir húsnæði, sem sendiráð vilja eignast fyrir starfsemi sína, þannig að nauðsynlegri löggæslu verði þar við komið.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið veiti það leyfi, sem um er fjallað í greininni, að fenginni umsögn utanríkisráðuneytisins og lögreglustjóra hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis.

Um 2. gr.

Þessi grein er sem næst óbreytt frá 2. tölulið 11. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.